

## NJÁLGUR - VINNUFERLI

### Hvað á að gera ef tilkynnt er um að barn í skólanum hafi fengið njálg

- Óþarfi að senda tilkynningu um það til foreldra barna í bekknum þar sem njálgur í skóla er ekki bráðsmitandi.
- Ágætt að láta skólaliða vita svo þeir geti þvegið viðkomandi skólastofu sérstaklega vel auk salernis og hurðarhúna.

### Ráðleggingar til foreldra ef njálgur hefur komist á heimilið

- Tvö lyf notuð við njálg, **Vanquin** (selt í lausasölu) og **Vermox** (lyfseðilsskylt).
- Meðhöndla þarf alla fjölskylduna.
- Handþvottur mjög mikilvægur, sérstaklega eftir salernisferðir og fyrir mat.
- Almennt hreinlæti, tíðari þvottur á salerni og krönum, hurðarhúnum og leikföngum.
- Klippa neglur vel því þá festast egginn síður undir þeim.
- Þvo föt og rúmföt við minnst 60°hita.
- Gott að strjúka yfir endaparm að morgni með blautklútum eða svampi.
- Dagleg nærfataskipti.
- Gott að sofa í náttbuxum eða buxum sem liggja þétt að.
- Við kláða má fjarlægja njálg með eyrnapinna eða einhverju álíka.

### Ráðleggingar til foreldra til að forðast njálg

- Almennt hreinlæti; handþvottur mjög mikilvægur.
- Forðast að vera með hendur upp í munn og setja leikföng og annað upp í munninn.
- Fylgjast með einkennum, s.s kláða, svefntruflunum og lystarleysi.

Algengasta smitleið er frá fingrum upp í munn.

Helstu einkenni njálgs eru **kláði** við endaparmsop, **svefntruflanir**, **erting í leggöngum**, **lystarleysi** og jafnvel **eirðarleysi**. Stundum eru engin einkenni.

Greiningin felst í því að finna orma og/eða egg við endaparmsopið. Ormarnir sjást með berum augum við svæðið kringum opið og einnig í saur. Ef vafi leikur á smiti má nota límband til að finna egginn við endaparmsopið. Egginn festast í límbandinu og það er síðan sent í rannsókn.